

# **Huldumál**

**— hugverk austfírskra kvenna**

**Gefið út í tilefni af sjötíu og fimm ára afmæli  
Sambands austfírskra kvenna**

**Pjaxi ehf.  
2003**

# Steinunn Ásmundsdóttir

Steinunn Ásmundsdóttir er fædd 1. mars 1966 í Reykjavík, dóttir Ragnhildar Pétursdóttur og Ásmundar Matthiassonar. Eftir menntaskólanám starfaði Steinunn einkum á vettvangi náttúruverndar og landvörlu fram til ársins 1996, er hún fluttist til Egilsstaða. Steinunn er gift Þorsteini Inga Steinþórssyni frá Egilsstöðum og eiga þau tvær dætur. Hún starfar sem blaðamaður Morgunblaðsins á Austurlandi. Þrjár ljóðabækur hafa verið gefnar út eftir Steinunni; Einleikur á regnboga, 1989, Dísyrði, 1992 og Hús á heiðinni, 1996. Ljóð hennar hafa birst í safnritum og tímaritum, innlendum og erlendum og verið flutt á öldum ljósvakans. Stofufélagi bókmenntatímaritsins Andbles og sat í ritstjórn þess fyrstu árin. Ritstýrði Snæfellshefti tímaritsins Glettings árið 1998. Steinunn fæst nú einkum við þýðingar á ljóðum evrópskra jaðarskálda.



## Draumurinn um heiðina

Ég stend ein á heiðinni.

Hauströkkið vegur sig um frostkaldan svörðinn, hann ilmar af horfnum sumardögum og aðvífandi vetrí.

Ein. Bíð eftir einhverju.

Skyggnist um, sé aðeins tungl, stjörnur háloftanna og dauft frostglit á lyngbreiðu. Dreg djúpt andann, róleg.

Heyri... fjarlægan hófadyn.

Hann berst úr öllum áttum, færist smám saman nær, — og nær...

Í mánaljósínu sé ég útlínur manns og hests og þegar ég lít víðar greini ég fimm hesta, fimm menn.

Þeir koma nær. Staðnæmast nokkra metra frá mér og slá um mig hring. Hestarnir ferðlúnir, sveittir og krafsa óþolnir í jörðina. Úr vitum þeirra standa gufustrókar. Ég sé ekki andlit álútra mannanna á baki hesta sinna, en þeir eru ísklæddir þykkum skinnklæðum, líkt og þeir séu komnir langt að úr veðrahrahrjóstri.

Kyrrð. Ég doka.

Að nokkrum tíma liðnum líta mennirnir lokks upp og ég greini andlitin. Sný mér hægt í hring og kenni þá með nöfnum, upphátt; Grímur Thomsen, Jónas Hallgrímsson, Páll Ólafsson, Matthías Jochumsson og Benedikt Gröndal.

Hví vitjið þið míð?

Skáldin horfa á mig drjúga stund án orða eða gjörða, heimurinn stendur kyrr og augnablik- ið hverfist í kynngi þagnarinnar.

Jónas kinkar kolli til samferðarmanna sinna, þeir snúa hægt frá mér og ríða burt út í heiðina, hver í sína átt.

Hví vitjið þið míð?

## Án titils

Oft hefur veðurbarinn maður  
með gamlar hendur gert að netum,  
öldugjálfur hlegið við kinnung trillunnar  
og smápatti hlaupið upp bryggjuna  
með fisk í soðið til lúinna konu.

Oft hefur þetta líf týnst  
þegar úthafsöldur steyptu stömpum  
og átu menn og skip  
eða hvítur dauðinn rann ofan úr fjöllunum.

## Vetur

Í svarthvítri þögn, sem aðeins er  
rofin af gnauði storm eins, ligur  
landið í snjósæng og bíður.

Líkt og haldi niðri í sér andanum,  
bíður það í þögn, sem leikur í  
frostbirtu og svörtum vetrarnóttum.

Bíður hnjkáþeys og fyrsta  
daggardropans, brums á nakta grein,  
brúnfjaðra rjúpu og vordagsins.

Í þolinmóðri þögn  
og hvílist í vetrinum.

## Í gamalli rétt

Heyrist uglovæl  
af heiðinni.  
Ég sit ein  
í gamalli rétt,  
umvafin rökkri  
og hugsa hversu  
sumarið var stutt  
og leið hratt.  
Það var eins og  
vorið og haustið  
hefðu kysst hvort  
annað á vangann  
og við það sprungið  
út sumar  
eitt andartak.

Myrkrið hvíslar að mér  
komandi vetri.

## Barn

Stjörnubjört nött utan gluggans.

Litli líkaminn þinn þétt upp við minn.  
Rósräuður vanginn svo dúnmjúkur og hlýr  
og augu þín alsjáandi sál mína.

Ástin straumþungt fljót,  
hljóð og sterk hríslast hún um okkur  
og við erum aftur eitt.

Ég hvísla í eyra þér orðum  
sem fela í sér hamingjuþrungna móðurástina,  
bæn mína um blessun þér til handa.

Líf þitt rís við dagsbrún.

## **dia de los muertos**

lítið þorp kúrir við kulnað eldfjall  
moldarvegur liggur gegnum þorpið  
og upp brekkuna að kirkjugarðinum

þar er annríki;  
mestísar, kreólar og indíánar  
fara í hópum inn um sálnahliðið  
með rauðar og hvítar gladíólar í þúsundatali  
löng hvít kerti, haka og skóflur  
vatnsfötur, vínflöskur, tequilakúta og peyotl

fullt tunglið og kynleg birta í fjallinu  
heit maísmjólk úr suðupotti mexíkansk órkumlamanns  
og enchiladas

frá krákustígum tímist hver fjölskylda að sínu leiði  
fólkid dimmleitt og hátíðlegt, hreinsar og mylur moldina  
setur kertin sín þétt kringum leiðið og blómknippi  
í vatnsfötur við sinn hvorn endann  
breiðir bróðeraðan dúk yfir leiðið  
matföng og vín  
og kveikir á reykelsi

vinir og ættingjar sitja í hrинг  
eta og drekka  
spjalla um dauðann og lífið  
og segja gamansögur af hinum látna  
einhver orðinn fullur og grætur sárt  
börnin hlaupa um með hundunum  
upppfull af kynlegri stemningunni  
barnungar sífra í fangi mæðra sinna  
sem sitja við bálandi hrískesti og syngja lágt

í kirkjugarðinum tindra þúsund kertaljós  
þungur ilmur gladíóllanna blandast reykhulu  
snarkandi viðarkasta og reykelsiskerja  
vonds tóbaks og ósandi kerta

skvaldrið frá fólksmergðinni einhvern veginn kyrrlátt  
söngvarnir tregablandnir  
börnin og hundarnir hljóðna þegar líður á nóttina  
skuggar ponsjóanna flökta á sverum trjástofnum  
og einhver biður upp á tequilakrús  
fagnar því að vera þrátt fyrir allt hluti af þessari  
kúguðu, en þó óbuguðu þjóð, sem gleymir ekki sínum dauðu

—

sef og dreymi um dauða, galdur og þjáningar  
vakna og fer út að ná í nýbakaðar tortillas á horninu  
nágrannafölskyldan er að koma heim frá kirkjugarðinum  
heldur illa til reika eftir rigningu morgunsins  
brosandi gegnum fátæktina og þreytuna

## Señor frá Argentínu

skáldið  
veggirnir bækur  
kaffi tóbak tequila  
brennandi sól  
og nístandi myrkur  
dagar og nætur lífsins  
brosir

orðin  
ljóðin  
hrjúf og ástriðufull  
litir  
hringur  
orðin  
komin langt að  
öfgafullur slær  
höfði við steininn  
grætur ljóð  
og stúlkuna frá Uruguay  
sem vakti þorstann

hræddur við að slokkna  
verða gamall og deyja

skáld í útlegð  
komið langt að

## **Huldumál — hugverk austfískra kvenna**

### **Ritstjóri**

Guðborg Jónsdóttir

### **Ritnefnd**

Guðborg Jónsdóttir ritstjóri

Ágústa Ósk Jónsdóttir

Jóney Jónsdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

### **Útgefandi**

Pjaxi ehf. í samvinnu við Samband austfískra kvenna, 2003.

### **Hönnun, setning og umbrot**

Pjaxi ehf. / Björn Hróarsson

### **Myndvinnsla**

Pjaxi ehf. / Guðrún Birna Ólafsdóttir

### **Prentun og bókband**

Pjaxi ehf. / Delo tiskarna, Slóveníu.

Bók þessa má eigi afrita án leyfis útgefanda.

ISBN: ISBN 9979-9597-5-4